

Nordic Fish Leather ehf.
Borgarmýri 5
550 Sauðárkrókur

Akureyri, 25. október 2021
UST202103-161/S.K.
08.09.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 1.10.2021 hjá Nordic Fish Leather ehf.

Þann 1. september sl. fór fram eftirlit í sítunarverksmiðju Nordic Fish Leather ehf. á Sauðárkróki. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu og tveimur eldri ábendingum er haldið til haga. Tvö frávik komu fram er varða:

1. 26. gr. reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólp. Iðnaðarskólpi sem veitt er í safnræsi og til skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli skal forhreinsað. Engin hreinsun er á skólpi frá rekstraraðila.
2. 12. gr efnalaga nr. 61/2013. Við meðferð efna skal sýna fyrirbyggju, aðgát og varkárni þannig að fyrirbyggja megi skaða á heilsu og umhverfi. Geymsla efna hjá rekstraraðila er ekki með þeim hætti að sýnd sé fyrirbyggja þ.e. efni eru ekki geymd í lekavörn og eiga greiðleið í niðurföll. Sum eru hættuleg umhverfinu og geta því valdið skaða.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 9. nóvember 2021.

Virðingarfyllst

Steinunn Karlsdóttir
Sérfræðingur

Hulda Soffía Jónasdóttir
Sérfræðingur